

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 20. desember 2023

Mál nr. S-4427/2023:

Ákærvaldið

(Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari)

gegn

Candido Alberto Ferral Abreu

(Þorgils Þorgilsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 30. nóvember 2023, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 13. júlí 2023, á hendur Candido Alberto Ferral Abreu, kt. [...], fyrir:
- „[T]ilraun til manndráps, með því að hafa laugardaginn [...] 2021, á bifreiðastæði [...] í Reykjavík, stungið A, [...], tvisvar sinnum með hnífi vinstra megin í brjósthol. Önnur stungan var 6 cm löng og töluvert djúp framan á brjóstkassa og náði svo til að fleiðru í hæð við rif 3-5, hin stungan var 8 cm löng og töluvert djúp, aftan á brjóstkassa í hæð við rif 3-4 og náði næstum að fleiðru og olli afrifubroti frá hliðlægri brún herðablaðs. Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.“
- „Af hálfu A, [...], er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 3.000.000, auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá [...] 2021, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því bótakrafan var birt ákærða til greiðsludags. [...]. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“
- Ákærði neitar sök samkvæmt ákæru. Hann segir málsatvikum rétt lýst í ákæru en hann sé ósáttur við heimfærslu verknaðarins til ákvæða hegningarlaga. Ákærði samþykkir bótaskyldu gagnvart brotþola en krefst lækkunar á fjárhæð bótakröfu en af hálfu brotþola var fallið frá kröfu um viðurkenningu bótaskyldu vegna líkamstjóns undir rekstri málsins fyrir dómi. Síðastnefnd krafa hefur verið felld brott hér framar þar sem gerð er grein fyrir ákæru.

Helstu málsatvik

5. Samkvæmt gögnum málsins og framburði ákærða fyrir dómi átti atlagi ákærða gegn brotþola sér nánast engan aðdraganda. Fyrir dómi bar ákærði á þann veg að hann hefði séð til ferða [...] og brotþola þar sem þau voru akandi um götur í [...] og hafi haldið á eftir þeim inn á bílastæði við [...] þar sem brotþoli var búsettur á þessum tíma. Samkvæmt sjónarvottum munu þau hafa stöðvað bifreiðina á bílastæði við [...] eftir því sem haft er eftir þeim í upplýsingaskýrslu lögreglu. Ákærði bar um að hafa stigið út úr bifreiðinni með hníf í hendi og er hann hafi séð brotþola [...] hafi hann misst stjórn á skapi sínu og sveiflað hendi sinni að brotþola sem væntanlega hefði skorist við það. Hann hefði svo hlaupið á eftir brotþola nokkra stund en svo haldið á brott og ekið niður að sjó þar sem hann hafi losað sig við hnífinn í sjóinn.
6. Ákærði bar um fyrir dómi að hafa tekið lítinn hníf með sér úr bifreiðinni til handargagns en þennan hníf hefði hann í bifreiðinni til viðgerða og þess háttar. Hnífurinn hefði verið í glashaldara í bifreiðinni og þaðan hefði hann gripið hnífinn með sér. Aðspurður fyrir dómi bar ákærði um að hann hefði tekið hnífinn með sér þar sem honum hefði staðið ógn af brotþola og öðrum ungum manni sem hefði verið staddur á bílastæðinu ásamt [...].
7. Brotþoli bar um það að hann hefði verið að fara út úr bifreið [...] en áttað sig á að hann hefði gleymt símanum í bílnum og beygt sig inn í bílinn til að ná í símann. Hann hefði verið rétt búinn að rétta úr sér er ákærði hefði komið aðvífandi og mælt eitthvað á þessa leið *is this him* og án frekari fyrirvara stungið sig í brjóstið. Við það hefði hann snúið sér undan en þá hefði ákærði stungið hann í bakið. Hann hafi síðan reynt að forða sér á hlaupum en ákærði veitt honum í fyrstu eftirför um bílastæðin við fjölbýlishúsin. Ákærði hefði svo hætt því og þá hefði brotþola tekist að leita skjóls í einu fjölbýlishúsanna hjá ókunnugum.
8. Sá maður sem var staddur á bílastæðinu ásamt eiginkonu sinni og áður er getið bjó í [...] og þekkti bæði ákærða og brotþola. Er árás ákærða á brotþola átti sér stað var vitnið að leggja bifreið sinni í bifreiðastæði við [...] sem er andspænis [...] innst í götunni sem er lokuð í þann enda. Fyrir lögreglu bar vitnið um að hafa séð til ferða beggja bifreiðanna áður en inn í [...] var komið og borið kennsl á nefnda menn. Þau hjónin hefðu orðið sjónarvottar að árás ákærða á brotþola en hefðu ekki haft nein afskipti af atburðinum og staðið nokkuð fjarri. Það hafi fyrst verið eftir að ákærði var búinn að stinga brotþola og brotþoli búinn að komast undan honum á hlaupum sem þau hefðu brugðist við þegar ákærði hefði farið að veitast að [...] með ofbeldi.

9. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Þannig liggur fyrir játning af hálfu ákærða um að hafa stungið brotaþola með hnífi í tvígang vinstra megin í brjósthol. Annars vegar stakk hann brotaþola framan á brjóstkassa og er sú stunga 6 cm löng og töluvert djúp eftir því sem fram kemur í gögnum málsins og fjallað var um af hálfu læknis á bráðamóttöku sem tók á móti brotaþola þar. Stungan hafi náð svo til að fleiðru í hæð við rif 3-5. Hins vegar stakk hann brotaþola aftan á brjóstkassa og var sú stunga 8 cm löng og töluvert djúp í hæð við rif 3-4 og náði einnig næstum að fleiðru og olli að auki afrifubroti frá hliðlægrri brún herðablaðs. Í ljósi læknisfræðilegra gagna um að stungurnar hafi gengið inn að fleiðru sem umlykur helstu líffæri sem í brjóstholinu eru, lungu og hjarta, framburðar læknisins fyrir dómi og þeirrar staðreyndar að við síðari stungu ákærða brotnaði upp úr herðablaði brotaþola verður því hafnað sem byggt var á af hálfu ákærða fyrir dómi að ekki hefði verið um stungur að ræða heldur hefði ákærði skorið brotaþola með hnífnum.
10. Ákærði hefur borið um það að hann hafi ekki ætlað að ráða brotaþola bana heldur misst stjórn á skapi sínu og því veist að honum. Ákærði lýsti því nánast sem óviljaverki fyrir dómi að hafa stungið brotaþola. Í ljósi þess hvernig ákærði virðist hafa staðið að atlögu sinni gegn brotaþola er hann tekur hníf með sér er hann fer út úr bifreið sinni og gengur rakleitt að brotaþola og stingur hann fyrirvaralaust tvisvar nánast orðalaust og veitir brotaþola síðan eftirför um nokkra hríð á bílastæðinu verður ekki fallist á að um óviljaverk hafi verið að ræða. Þvert á móti mátti ákærða vera það ljóst að það að stinga mann í tvígang í brjóstkassann sé stórhættulegt og langlíklegast væri að bani myndi hljóttast af. Í það minnsta hafi ákærði látið sér það í léttu rúmi liggja að afleiðingarnar kynnu að verða þær að mannsbani hlytist af. Verður þessi háttsemi ákærða ekki heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga í ljósi þess hvar ákærði stakk brotaþola og með hliðsjón af því að ákærði tók meðvitaða ákvörðun um að fara út úr bifreið sinni með hníf í hendi til móts við brotaþola sem honum gat ekki staðið nein ógn af eins og málsatvikum var háttað. Verður ákærði því sakfelldur í samræmi við ákæru fyrir tilraun til manndráps, sbr. 211. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga.
11. Undir dómsmeðferð málsins var afað mats dómkvadds matsmanns, [...] með tilliti til sakhæfis ákærða, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga, í ljósi upplýsinga um að ákærði hefði átt við [...] að stríða á árum áður. Matsmaður mætti fyrir dóm og gerði grein fyrir þeirri niðurstöðu sinni að ekki væri svo fyrir ákærða komið að 15. eða 16. gr. gætu átt við. Það síðan að ákærði hefði borið um að missa stjórn á sér væri ekki líklegt til að

eiga rót að rekja til [...] heldur hefði verið um bráðareidi að ræða hjá [...] manni sem misst hefði stjórn á sér um stundarsakir. Í ljósi þessa mats er ekkert sem mælir gegn því að ákærða verði gerð refsing fyrir það afbrot sem hann hefur gert sig sekan um.

12. Ákærði er fæddur í [...] og hefur samkvæmt sakavottorði ekki komist í kast við lögin áður. Til refsilyngingar horfir að háttsemi samkvæmt ákæru var til þess fallin að vera lífshættuleg og framkvæmd með hættulegu vopni og án tilefnis af hálfu brotþola á stað og stund. Ákærða til málsbóta verður litið til skýlausrar játningar hans hjá lögreglu og fyrir dómi á málsatvikum sem slíkum. Af málsgögnum og framburðum verður ráðið að ákærði hafi verið í skammvinnu ójafnvægi á verknaðarstundu. Hann hefur beðist velvirðingar á háttsemi sinni og samþykkt bótaskyldu gagnvart brotþola.
13. Óútskýrðar tafir urðu á meðferð málsins fyrir útgáfu ákæru og horfir það til mildunar þar sem meira en tvö ár liðu frá því brot ákærða átti sér stað þar til málið var afhent héraðssaksóknara til ákærumeðferðar. Ákærði verður ekki sakaður um dráttinn á málinu sem hefur ekki verið skýrður og er í andstöðu við meginreglur sakamálaréttarfars, sbr. og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Til þess er einnig að líta að fram kom í vætti dómkvadds matsmanns fyrir dómi að dómsmeðferð málsins hefði orðið ákærða sérstaklega þungbær svo löngu eftir að atvik áttu sér stað þannig að hann hafi átt við [...] að stríða á liðnum mánuðum. Eins og hér sérstaklega stendur á með tilliti til þessara óútskýrðu tafa á málsmeðferðinni verður horft til 2. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga við ákvörðun refsingar auk 3., 5. og 8. töluliðar 1. mgr. 70. gr. í almennum hegningarlögum og ákærði þannig dæmdur til fjögurra ára fangelsis þrátt fyrir lögbundið lágmark refsingar samkvæmt 211. gr. sömu laga. Vegna alvarleika brots ákærða kemur ekki til álita að skilorðsbinda refsingu hans.
14. Við úrlausn á bótakröfu liggur fyrir að ákærði hefur verið sakfelldur fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga. Með því hefur hann verið fundinn sekur um að hafa valdið brotþola líkamstjóni með ólögmætri og saknæmri háttsemi. Skilyrði um orsakasamhengi og sennilega afleiðingu eru uppfyllt. Að framangreindu virtu eru uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Almennt má gera ráð fyrir miska vegna brots af þeim toga sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir. Brotþoli hefur lýst því á hvern hátt afleiðingar brotsins hafa áhrif á daglegt líf hans þar sem hann sé sífellt á varðbergi, til dæmis þegar hann stígur út úr bifreiðum. Að þessu virtu og með hliðsjón af málsatvikum og dómvenju verða miskabætur ákveðnar að álitum, 1.500.000 krónur sem ákærða verður gert að greiða brotþola með vöxtum og dráttarvöxtum, eins og nánar

greinir í dómsorði. Upphafstími dráttarvaxta miðast við þingfestingu málsins 19. september 2023 en ekki verður séð af gögnum málsins að bótakrafan hafi verið kynnt fyrir ákærða hjá lögreglu. Brotapoli á tilkall til málskostnaðar úr hendi ákærða vegna bótakröfunnar, sbr. 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

15. Ákærði greiði málsvarnarþóknun skipaðs verjanda síns, Þorgils Þorgilssonar lögmanns, 1.450.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins þótt ekki séu forsendur til að leggja hana alfarið til grundvallar meðal annars vegna skráðrar tímalengdrar þinghalda. Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu 479.090 króna í annan sakarkostnað og er þar meðtalin kostnaður verjanda af öflun læknisvottorðs og til greiðslu kostnaðar vegna réttargæslumanns, 550.000 krónur einnig að meðtöldum virðisaukaskatti.
16. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari. Af hálfu ákærða flutti málið Þorgils Þorgilsson, skipaður verjandi ákærða. Af hálfu brotþola flutti málið Inga Lillý Brynjólfssdóttir, lögmaður og skipaður réttargæslumaður hans. Björn L. Bergsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Candido Alberto Ferral Abreu, sæti fangelsi í fjögur ár.

Ákærði greiði 1.450.000 króna málsvarnarlaun Þorgils Þorgilssonar lögmanns og 479.090 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærði Candido Alberto Ferral Abreu greiði A 1.500.000 krónur í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] 2021 til 19. september 2023 en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Þá greiði ákærði 550.000 króna réttagæsluþóknun Ingu Lillýjar Brynjólfssdóttur lögmanns.

Björn L. Bergsson